

AUGLÝSING

sveitarstjórnar um samþykkt deiliskipulag við Iðndal og Stapaveg í Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Vatnsleysustrandarhrepps þann 6. mars 2001 samþykkt deiliskipulag í Vogum við Iðndal og Stapaveg.

Greinargerð og uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla til um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Vogum, 7. mars 2001.

F.h. sveitarstjórnar,

Jóhanna Reynisdóttir sveitarstjóri.

8. mars 2001

Nr. 238

REGLUGERÐ

um breytingar á reglugerð nr. 570/2000 um fólkslyftur og fólks- og vörulyftur.

1. gr.

IV. kafli fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi falli brott úr 2. mgr. 13. gr.: sbr. einnig tilmæli 95/216/EB um að bæta öryggi lyftna sem þegar eru í notkun.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 3. mgr. 3. gr., 34., 38. og 47. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 8. mars 2001.

Páll Pétursson.

Elín Blöndal.

13. mars 2001

Nr. 239

AUGLÝSING

um skipulagsbreytingar í Garðabæ.

1. Breyting á deiliskipulagi í Ásum, Hraunsholti í Garðabæ við Klettás 13-17.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti 1. mars 2001 óverulega breytingu á deiliskipulagi við Klettás 13-17 í Hraunsholti, Ásum í Garðabæ.

Í breytingunni felst að fjölgað verður um eina íbúð á lóðinni þ.e. í stað þriggja íbúða í raðhúsi verða nú fjórar. Umrædd breyting hefur jafnframt áhrif á lóðanúmer.

Með deiliskipulagsbreytinguna hefur verið farið í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

2. *Breyting á deiliskipulagi í Ásum, Hraunsholti í Garðabæ við Klettás 19-23.*

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti 1. mars 2001 óverulega breytingu á deiliskipulagi við Klettás 19-23 í Hraunsholti, Ásum í Garðabæ.

Í breytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður lítillaga í SV-horni lóðarinnar og bílastæði færast til.

Með deiliskipulagsbreytinguna hefur verið farið í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F. h. Garðabæjar, 13. mars 2001.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um skoðun ökutækja, nr. 378 29. júní 1998.

1. gr.

1. mgr. í ákvæði til bráðabirgða í viðauka II, sbr. reglugerðir nr. 779 23. desember 1998 og nr. 917 30. desember 1999, orðist svo:

Til 30. september 2001 er heimilt að skoða bifreið sem er meira en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd á skoðunarstofu II sem hefur tæki til að mæla hemlunarvirkni í akstri, sbr. 3. gr., enda sé fjarlægð að næstu skoðunarstofu I yfir 35 km.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 60. og 67. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. mars 2001.

Sólveig Pétursdóttir.

Björn Friðfinnsson.

REGLUGERÐ

um holræsagjöld á Austur-Héraði.

1. gr.

Hverjum þeim sem á hús, húshluta, lóð, jörð eða aðra fasteign á Austur-Héraði eða leigir slíka eign sem holræsi hefur verið lagt í og tengt er fráveitu í eigu sveitarfélagsins ber að greiða árlegt holræsagjald til sveitarsjóðs.

2. gr.

Upphæð holræsagjalds skal vera 0,15% af fasteignamat allra húsa og lóða samkvæmt lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 94/1976, með síðari breytingum.